

“Er gildismat íslenskra skólastjóra ólíkt eftir kynferði”

Anna Guðrún Edvardsdóttir

Í þessari grein er fjallað um niðurstöður rannsóknar á gildismati íslenskra skólastjóra og þeirri spurningu varpað fram hvort það væri ólíkt eftir kynferði. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvort munur væri á gildismati og stjórnunarlegri hegðun íslenskra skólastjóra eftir kynferði. Gengið var út frá því að munur væri á gildismati karla og kvenna.

Sú kvenfræðilega hugmyndafræði sem lögð var til grundvallar í rannsókninni leiðir líkum að því að munur sé á gildismati og stjórnunarlegri hegðun karla og kvenna. Stjórnunarleg hegðun karla hefur verið talin rökvis og skilvirkari en kvenna og lögð hefur verið áhersla á að stjórnendur sýni slíka hegðun.

Beitt var bæði meginlegum og eiginlegum rannsóknaraðferðum. Spurningarlisti var lagður fyrir íslenska skólastjóra og varðaði innihald hans gildismat er lægi að baki ákveðnum þáttum í starfi og stjórnunarlegri hegðun skólastjóra. Einnig voru tekin viðtöl við fjóra skólastjóra, tvo karla og tvær konur.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar er að nánast enginn munur er á gildismati karla og kvenna og stjórnunarleg hegðun íslenskra karl- og kvenskólastjóra er svipuð. Bæði kyn sýna stjórnunarlega hegðun sem talin hefur verið einkenna kvenskólastjóra. Slík niðurstaða er ólík því sem fengist hefur erlendis frá, þar er munur á milli kynja. Það bendir því allt til þess að “kvenleg” stjórnunarleg hegðun henti vel við stjórnun menntastofnana hér á landi, þar sem mannleg samskipti, samvinna og virðing yfir öllum meðlimum stofnunarinnar eru í hávegum höfð.